

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2004  
um skilyrði fyrir samþykki á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) flugvéla hjá handhöfum  
flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af stofnunni skylt að fara að ákvæðum Leaflet 26 JAR-OPS 1/3 MEL POLICY DOCUMENT dags. 1. október 2002 þegar settur er saman listi yfir lágmarksbúnað samkvæmt ákvæðum gr. JAR-OPS 1.030 í reglugerð um flutningaflug nr. 780/2001. Sama dag skulu taka gildi reglur JAA nefndar JAR-MMEL/MEL: Master minimum equipment list / Minimum equipment list, útgefna 1. maí 2000.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 10. ágúst 2004.*

**Borgeir Pálsson** flugmálastjóri.